





# ÍSRAEELS fréttir



Ábm. Ólafur Jóhannsson

1. tbl. 11. árg. 2004



## Á BIBLÍUSLÓÐIR MEÐ ÓLAFI

Haustferð á Biblíuslóðir, Ísrael og Jórdanía 20.09-05.10.

Ferð sem beðið hefur verið eftir. Takmarkaður sætafjöldi.

Verðum í Jerúsalem á sama tíma og Laufskálahátíðin

**SJÁ BAKSÍÐU**

# Gyðingahatri sáð í Neskirkju!

Í desember á síðasta ári var haldinn fundur í Neskirkju með Mary Lawrence sem hefur verið sóknarprestur meðal Meþódista í Bandaríkjunum. Boðskapur hennar var að segja frá grimmdu gyðinga í Hebron. Hún sagðist ganga með (arabískum) börnum sem búa í gamla hverfinu, fylgja þeim skólann og fylgja þeim svo heim aftur. Hvers vegna? Jú vegna ágangs gyðingabarna sem köstuðu grjóti á arabísku börnin. Ræða hennar var "hreint" gyðingahatur, sagði mér einn gestur þessarar samkomu.

Þar sem ég var í Ísrael í desember og janúar s.l. gerði ég mér erindi til að kanna sannleikann í fullyrðingu þessa prests. Ég hafði samband við araba sem búa í Hebron, (Ég fór þangað einnig) og sagði frá "boðskap" prestsins: Þessi arabi er góður vinur minn og er kristinn. "Þetta er algjörlægat rangt með farið," sagði hann. Sannleikurinn er að það eru aðeins um 400 gyðingar sem búa í Kiryat-Arba sem er úthverfi í Hebron. Það eru aftur á móti rúmlega 150.000 arabar sem ekki þola þessa fáu gyðinga nálægt sér og það eru gyðingabörn sem þurfa vernd fyrir stöðugum árásum og grjótkasti ungra araba. Ísraelska varnarliðið er þar til hjálpar þeim. Þetta er sannleikurinn. Það er sorglegt til þess að vita að prestar noti kirkjuna til þess að sá gyðingahatri meðal þjóðarinnar. Þeir virðast gleyma boðskap Biblíunnar, hvað

varðar gyðinga og fyrirheit Guðs. Þeir virðast gleyma því að Jesús sagði að hjálpræðið kæmi frá gyðingum. Þeir virðast gleyma því að Bíblían var skrifuð af gyðingum, að mestu til gyðinga. Þeir gleyma því að Jesús er gyðingur. Sr. Örn Bárdur Jónsson sóknarprestur hefur ekki farið í felur með andúð sína á Ísrael og Bandaríkjunum. Hann hefur notað ræðustóli kirkjunnar til að sá hatri og stjórnmalaskoðunum sínum í Guðsbjónustu sem útvarpað var og vakti eðlilega athygli fjölmölda. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem hann misnotar þjónustu sína í þessari kirkju. Sjálfur segist hann hafa fengið mjög góð viðbrögð sóknarbarna og annarra. Er það mælikvarði að hann hafi farið með rétt mál? Ég á heima í sókninni og heyrta marga sem hafa hneyklast á athyglisáráttu prestsins. Margir safnaðarmeðlimir sakna kærleiks og friðarboðskaps þess prests sem í mörg ár þjónaði þessari kirkju og boðaði orð Guðs hreint og ómengað. Það var Sr. Frank M. Halldórsson. Hin almenna (Lúterska) kirkja hefur því miður oft boðað andgyðinglegan áróður gegnum aldirnar. Þó megum við ekki gleyma því að það eru til prestar sem standa með Ísrael í baráttu sinni fyrir tilverurétti og innan þjóðkirkjunnar er vaxandi fjöldi Ísraelsvina. Ég hvet þá og aðra Ísraelsvini að biðja fyrir þeim prestum, sem við vitum að nota ræðustóli sinn til að sá gyðingahatri.

Ólafur Jóhannesson



## Alheimsmót fyrirbiðjenda

Í byrjun Janúar s.l. var alheimsmót kristinna fyrirbiðjenda í Jerúsalem. Ég fékk tækifæri til þess að taka þátt í samkomum þar. Það var mikill styrkur að sjá og heyra kristna Ísraelsvini biðja og hrópa til Guðs Abrahams, Ísaks og Jakobs að hann haldi verndarhendi sinni áfram yfir landi og lýð. Drottinn var beðin um að fyrirgefa þeim prestum og forstöðumönnum sem sá hafa gyðingahatri í ræðum sínum. Já! Það er ótrúlegt en satt að gyðingahatur fer mjög vaxandi og ekki minnst í hinum svokallaða "kristna heimi" hér í Evrópu.

Biðjum Guð að fyrirgefa þeim.





# Gyðingahatur og múninn...

Það fer ekki milli mála að hatur á Ísrael, sem um leið er "dulbúið gyðingahatur" hefur farið vaxandi á seinni tímum um alla Evrópu. Áhrifamenn í stjórnmálum á Alþingi, hafa ekki leynt fjandskap sínum. Mörður Árnason, Steingrímur J. Sigfússon og fleiri "vinstri" sinnaðir fjandmenn Ísraels hafa aftur og aftur sáð hatri og fördómum á Alþingi geng eina lýðræðisríkinu í Mið-Austurlöndum. Þeir hafa hvatt til viðskiptaþvingana og harðorðra mótmæla gegn hinum umtalaða mún í Ísrael/Palestínu sem ég vil nú frekar kalla ARAFATS-MÚR. Hví segja þessir menn ekki frá ástæðu þess að múninn skuli vera til. Þeir voga sér að jafna þessu við hinn svokallaða Berlínarmúr.

Þessir lærisveinar "roðans í austri" hljóta að muna að Berlínarmúrinn var til þess að aftra því að austur þjóðverjar kæmust til Vestur-Berlínar. Varnarmúrinn í Ísrael er ekki til þess að aftra gyðingum að fara inn á svæði palestínumanna, heldur til þess að hindra hryðjuverkamenn, að komast inn í Ísrael til þess að myrða saklausa íbúa. Síðustu skýrslur segja að hryðjuverkum hafi fækkað um nær helming eftir að múninn var reistur. Persónulega vil ég gjarnan að þessi mún hverfi sem fyrst. Sem leiðsögumaður í Ísrael er ekki fallegt að sjá og sýna þennan mún á sögulegum slóðum. Ástæðan fyrir byggingu múrsins er hatur og grimmd öfgamanna meðal

múslíma sem segja opinberlega að þeir muni aldrei semja frið við Ísrael. Þeir ætla sér að fá alla Palestínu til baka. Hvers vegna mótmæla aldrei hinir "vinstri sinnuðu" "friðarsinnar" árásum á saklaust fólk í Ísrael?

Hvers vegna er gyðingahatur svo mikil meðal vinstriða í stjórnmálum? Margar slíkar spurningar eru í gangi. Ég tel að sökin sé einnig á fleiri stöðum. Meðal annars hefur kirkjan og margir kristnir söfnuðir þagað, eins og þeir gerðu á dögum síðustu heimsstyrjaldar. Margir töku þá afstöðu að þegja, ef til vill af ótta. En nú eru margir kristnir að vakna upp til ábyrgðar og hafa myndað samtök sem styðja og blessta Ísrael opinberlega. Það þýðir ekki að allir kristnir séu sammála öllu því sem stjórnir í Ísrael gera eða gera ekki.

Þeir kristnir sem trúa á fyrirheit Biblíunnar og trúfesti Guðs, standa með Ísrael. Að lokum, hvet ég alla kristna Ísraelsvini að biðja fyrir gyðingum og arðum og biðja Jerúsalem friðar. Biðja einnig fyrir þeim sem ofsækja Ísrael og gyðinga. Biðja jafnt fyrir Arafat og íslenskum hatursmönnum Ísraels, að Guð megi mæta þeim með fyrirgefningu og sönnum friði.

Ólafur Jóhannsson



# Palestínuríki er ekki til

Það verða margir undrandi og hneykslaðir þegar ég segi við þá að Palestínuríki sé ekki til og hafi aldrei verið til. Ég hef haft nokkuð oft þá ánægju að vera beðinn um að koma í framhaldsskóla og heimsækja félagasamtök til þess að kynna málstað Ísraelsvina. Oft heyri ég á slíkum fundum að margir eru orðnir þreyttir á því að heyra aftur og aftur sjónarmið og áróður svokallaðra Palestínuvina, sem margir hafa farið til "Palestínu" og unnið við "hjálparstörf". Fjölmörlar hafa verið óþreytandi á því að hafa viðtöl við slík ungmenni. Prátt fyrir að þau hafi aðeins verið í nokkrar vikur og að mestu á svæðum palestínumanna á hinum svokallaða "Vesturbakka" þar sem er sameiginlegt hatur á Ísrael.

Ég trúði varla mínum eigin eyrum þegar ég heyrði ungan mann sem hafði verið í slíkri ferð tjá sig í viðtali á útvarpsstöðinni Sögu um skoðun sína á sjálfsmorðsárásum palestínumanna á saklausa vegfarendur í Ísrael. Hann sagði þessu líkt: "Ég hef ávallt verið á móti sjálfsmorðsárásum, en nú skil ég betur hvers vegna!" Ég átti erfitt með að trúa þessu, hélt mig hefði misheyrst en þegar þátturinn var svo endurtekin seinna um kvöldið, fékk ég staðfestingu á þessu á bessari sögn. Mér hefur ekki liðið vel eftir að hafa heyrт þetta frá unguum íslendingi sem hefur verið í "Palestínu" í nokkrar vikur.


Getur maður alið svo sterkt á hatri við þjóð sem er að verja tilverurétt sinn og lifir í stöðugum ótta við árásir og morð á saklausum borgurum, hvort sem það er í strætisvögnum, veitingastöðum, biðskýlum eða jafnvel við Guðspjónustur. Er hægt að skilja það að saklaust fólk, unglingsar og eldri séu myrt á þenna voðalega hátt? Er hægt að skilja það, að ung móðir tveggja barna sprengi sjálfa sig upp með þá ósk eina

að sem flestir verði drepni? Þeir sem láta lífið eiga einnig ættingja, foreldra og börn. Það gleymist einnig oft að þeir sem lifðu slíkar árásir hafa margir misst sjónina eða börn sem hafa misst limi og aðrir sem ekki geta gengið framar, fyrir utan þann fjölda fólks þar sem sálarlífið er í sárum allt lífið. Er hægt að skilja þetta? Þeir sem reyna að afsaka slík voðaverk, benda á hörku ísraelskra hermannna þegar þeir fara inn á svæði palestínumanna í leit að þeim sem eru að undirbúa sprengjur til árása á Ísrael. Oft verður það til þess að saklausir verða fyrir byssukúlum. Venjulega er ekki sagt í fréttum okkar hvers vegna ísraelskir hermenn fóru inn í Nablús eða Jenín. Fyrir stuttu var birt í Morgunblaðinu mynd af grátandi börnum sem höfði misst móður sína. Hún hafði orðið fyrir skoti frá ísraelskum hermanni. Þetta var átakanleg mynd en það kom hvergi fram hvers vegna var skothrið og hvers vegna ísraelskir hermenn voru á þessu svæði. Ég fór á "netið" og fann þar að ástæðan var sú að hermennir höfðu komist á snoðir um undirbúning á árás á saklausra borgara í Ísrael. Þeim tókst að afstýra því og bjarga mörgum mannlífum en í skorbardaga varð saklaus kona fyrir skoti. Ég hef verið s.l. 25 ár í Ísrael, um lengri eða skemmti tíma á hverju ári. Ég á mjög gott samfélag og vini meðal palestínumanna. Er einnig tengdur hjálparstarfi meðal þeirra fyrir utan að vera leiðsögumaður. Ég hef séð fórnalömb hryðjuverkamanna, sem hafa haldið lífi en glatað lífsgleði sinni. Félagið Zión, vinir Ísraels hefur byrjað að styðja hjálparstarf meðal þeirra. Við hvetjum vini "Palestínu" til að vera með í slíku hjálparstarfi. Einnig hvetjum við Hjálparstarf kirkjunnar að styðja slíkt hjálparstarf. Ég vil enda þessa grein eins og ég byrjaði hana, **Palestínskt ríki er ekki til** og hefur aldrei verið til. Það er til landsvæði sem nefnist Palestína, en ekki ríki. Hvort eða hvenær það verður er önnur saga .

# Leiðtogar hryðjuverka drepnir

Tveir af leiðtogum Hamas-hreyfingarinnar voru drepnir í þyrluárás Ísraela með stuttu millibili. Sheik Ahmed Yassin og Aziz al-Rantisi. Hér verður ekki skrifuð minningargrein um þessa leiðtoga, en það áttu þeir sameiginlegt að þeir hötuðu Ísrael og gyðinga. Báðir voru þeir á móti friðarsamningum við Ísrael. Yassin sagði ítrekað: "Þessi svokallaða friðarleið er enginn friður og mun aldrei koma í staðinn fyrir heilagt stríð og andspyrnu." Líf þeirra gekk út á að sá hatri og grimmd. Hatri þeirra og hryðjuverkum verður ekki með orðum lýst. Jafnvel Yasser Arafat með sína blóðugu fortíð, þótti stundum nóg um. Shaul Mofaz varnarmálaráðherra Ísraels sagði að "baráttunni gegn Hamas yrði haldið áfram".

Baráttan er ekki við palestínumenn, sem vilja frið og hafa liðið ógn og þjánings vegna hryðjuverka Hamas. Við megum ekki dæma alla müslíma sem hryðjuverkamenn og margir arabar eru einnig kristnir. Að sjálfsögðu má búast við hefndum og þá einnig gagnhefndum, þannig að friður virðist ekki í sjónmáli. Við sem trúum boðskap Bíblunnar, vitum að það á eftir að versna. Það verður enginn friður fyrr en Friðarhöfðinginn fær að stjórna. Við hvetjum alla Ísraelsvini sem einnig eru vinir araba og palestínumanna, að biðja Jerúsalem friðar (Sálm.122:6) Við biðjum fyrir vinum okkar og við biðjum einnig fyrir óvinum okkar. Það er kærleiksboðskapur kristnarr trúar.



## Börn notuð til hryðjuverka

Það hefur farið mjög í vöxt að hryðjuverkamenn Hamas noti börn, unglunga og konur til að fremja sjálfsmorð með þá ósk að geta drepið sem flesta Ísraela. Menn úr Fatah Tanzim í Nablús, fengu 11 ára gamlan dreng til að smygla sprengju í poka sem vög um 10 kg. Drengurinn átti að fara með pokann yfir varðlínuna, í gegnum varðstöð Ísraels. Hinu megin átti hann að afhenda pokann konu sem beið þar. Sem betur fer komust varðmennirnir að þessu og sprengjan var gerð óvirk. Drengnum var lofað "hárri" peningaupphæð (100 NIS=tæplega \$20.) ef honum tækist að koma sprengjunni yfir til Ísrael.

Fyrir stuttu síðan, var 39 ára gömul sjö barna móðir tekin með sprengjubelti um sig miðja inna klæða. Varðliðsmenn tóku eftir henni og þeim tókst að afstýra að fjöldi saklausra

borgara yrðu myrtir. Síðan uppreisnin (interfata) byrjaði, hafa 30 ungmenni undir 18 ára framið sjálfsmorð og um leið drepið og sært fjölda saklausra borgara yngri og eldri. Einig hafa 112 sjálfsmorð verið framin og nær 500 misst lífið, í strætisvögnum, biðskýlum, á skemmtistöðum og við guðsbjónustur. Mörg hundruð eru slasaðir og örkuðla allt sitt líf, bæði andlega og sálarlega særðir og hafa litla von um bata.

Félagið Zíon hefur ákveðið að styðja og styrkja fórnarlömb hryðjuverkanna. Getum við átt von á að framámann þjóðar okkar, þingmenn eða jafnvel Forseti Íslands sendi samúðarkveðjur til Ísraels, eins og gert var eftir hryðjuverkin á Spáni?

# Omega og Lindin


Þessir tveir fjölmöðlar á Íslandi hafa verið sem "varðmenn við múra Jerúsalem" sbr. Jesaja 62.

Sjónvarpsstöðin Omega er eina sjónvarpsstöðin á Íslandi sem sendir út 24 tíma á sólarhring og byggir boðskap sinn á kristnum grundvelli. Útsendingar stöðvarinnar ná nú til 35 landa og innan skamms til Mið-Austurlanda, Afríku og Asíulanda. Án efa er Omega (Gospel Channel) það íslenska kristniboð sem nær til flestra þjóða og um leið mesta kristniboð frá Íslandi. Sjónvarpsstöðin Omega hefur haft fastan þátt sem ber nafnið ÍSRAEL í DAG. Þátturinn er sýndur hvert miðvikudagskvöld kl.20:00, endursýndur á laugardögum kl.15:00 og að auki oftar í viku t.d. að nóttu til. Markmið þáttarins er að vekja athygli á málefnum Ísraels út frá Biblíulegu og sögulegu sjónarmiði. Að vekja athygli á trúfesti Guðs við þjóðina og landið sem Hann útvaldi með eilífum sáttmála. Einnig að vekja hina kristnu kirkju til vitundar um ábyrgð sína sem er að styðja Ísrael í baráttu við óvin. Baráttu okkar er ekki við menn af holdi og blóði..... heldur við andaverur vonskunnar.... Vopnin sem við eignum eru m.a. bænin og boðun Orðsins. (Ef. 6.10-18). Við biðjum Jerúsalem friðar (Sálm.122.6)

Við biðjum fyrir þeim þjóðum sem búa í Landinu, gyðingum og aröbum. Þökkum OMEGA fyrir að vera vakandi á "verðinum". Kær kristnu bræður og systur: Styrkjum þessa frjálsu kristilegu sjónvarpsstöð með fyrirbænum okkar og framögum. Það er Guðs vilji.

LINDIN hefur nú sent út allan sólahringinn í 9 ár. Lindin er óháð kristileg útvartsstöð, sem hefur það höfuðmarkmið að boða frelsi og eilift líf fyrir trú á Jesú Krist. Boðskapurinn er einfaldur: Guð er Kærleikur. Kærleikur Guðs birtist í Jesú Kristi, fórnardauða Hans og upprisu. Mikill fjöldi fólks hefur upplifað þetta nýja líf eftir að hafa hlustað á Lindina, annað hvort í bílnum sínum eða við sjúkrarúmið. Jafnvel á hafi úti hafa menn tekið við fagnaðarboðskapnum, öðlast nýtt líf, frið og gleði. Útvartsstöðin Lindin hefur forðast að vekja upp deilur meðal kirkna og safnaða, heldur leggur áherslu á að við séum öll eitt, sem erum fædd inn í ríki Hans fyrir trú, en ekki verk.

Einnig þökkum við Lindinni fyrir að blesa Ísrael og biðja því landi og þjóð friðar. Slíkar bænir eru bornar fram daglega á Lindinni. Það er blessun fyrir Ísland að hafa sílka stöð.



## Ísrael 56 ára

Síðdegis á sjálfstæðisdeginum 2004, birti Ísraelska þjóðskráin íbúafjölda landsins, sem er nú 6.780.000 og hefur því meira en áttfaldan íbúafjölda frá 1948, en þá var fólkfjöldinn 806.000.

Þrjár milljónir innflytjenda hafa komið til landsins síðan 1948. Rúmlega ein milljón innflytjenda síðan 1990. Á síðasta ári komu 21.000. Gyðingar eru tæplega 5,5 milljónir (39% af gyðingum í heiminum). Aðrir eru um 1.3 milljónir (82% múslimar, 9% kristnir og 9% drússar). Í Jerúsalem er mestur fjöldi, 693.000. Tel-Aviv er næst með 354.000. Haifa hefur vaxið frá 100.000 árið 1948 í 270.500 í dag.

## Samþykkt 242

Samþykkt 242 var gerð í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna þann 22.nov.1967. Markmið hennar var að koma á friði í Miðaustur-löndum. Honum skyldi koma á með eftirfarandi aðgerðum.

- Ísraelsher skyldi draga sig frá hernumdum svæðum.
- Viðurkenna skyldi sjálfstæði sérhvers ríkis og innbyrðis átökum á milli þeirra skyldi ljúka. Landamæri skyldu tryggð.
- Frelsi til siglinga á alþjóðlegum hafsvæðum.
- Leysa bæri flóttamálavandamálið á sanngjarnan hátt.
- Landsvæði verði tryggð fyrir innrásum með því að koma á hlutlausum svæðum.
- Beina skyldi aðalritara að senda fulltrúaneftnd til viðræðna við deiluaðila. Báðir aðilar höfnuðu samþykktinni. Arabaríkin með þeim rökum að það fæli í sér viðurkenningu á tilverurétti Ísraels, en Ísraelar á þeim forsendum að þeir gæfu ekkert land fyrir annað en varanlegan frið. Arabar höfðu neitað að viðurkenna tilverurétt Ísraels og sýndu engan áhuga á því að hætta hernaðarátökum, því var ljóst að óbreytt staða myndi verða áfram.

Í raun og veru voru allar hugmyndir um sáttargjörð á milli araba og Ísraels vonlausar því á fundi arabaþjóða í Khartoum, höfuðborg Súdans, sem haldin var 29.ágúst til 3.september 1967 var staðfest að "semja ekki beint við Ísraelsríki, að samþykka hvorki tilveru þess né undirrita friðarsáttmála.



Ólafur með arabískum "sonum" sínum á Vesturbakkanum



Nemendur í Skóla Vonarinnar ásamt Íslenskum stuðningsmönnum

## Smáfréttir

Félagið Zíon, vinir Ísraels hefur í mörg ár verið tengiliður í hjálparstarfi meðal fátækra palestínskra skólabarna í Beit-Jala. Einnig hefur aðstoð veitt meðal innflytjenda gyðinga. Að auki mun félagið senda aðstoð til fórnarlamba hryðjuverka. Meðal þeirra eru margir ungir og eldri í hjólastólum og slasaðir á líkama og sál. Margir líða með ólæknandi andleg sár.

**Þeir sem vilja styðja hjálparstarfssemi félagsins er bent á kennitölu og reikningsnúmer í banka. Kt. 690191-1489. Reiknisnúmer – 0137-05-069520.**

(Þeir sem vilja styðja félagið er bent á sömu kennitölu.)

## Heim frá Ísrael

Eftir að hafa verið í Ísrael í einn mánuð frá 17. desember, til 16. janúar s.l., er ég fullur af þakklaeti til Guðs fyrir að gefa mér þannig möguleika til að heimsækja þetta yndislega land sem er fullt af sýnilegum minjum frá um það bil fjögur búsum ára tímabili. Allt vitnar um trúfesti Guðs og fyrirheit Bíblíunnar, sem rætast fyrir augum okkar. 23. desember hafði þá ánægju að vera boðinn í jólafagnað í Skóla Vonarinnar í Beit-Jala. Skólinn er kristinn arabískur (Palestínskur) unglingskóli sem hópur Ísraelsvina hér á Íslandi hefur stutt í mörg ár. Það er ekki hægt að lýsa þeim tilfinningum sem ég varð fyrir, þegar ég sá og hlustaði á þessi ungmenni syngja jólasálmana. Ég sá einnig votta fyrir tárum í augum nokkurra viðstaddir. Þetta var ólíkt þeim myndum sem fjölmíðlar okkar sýna, þegar hópur "palestínskra" ungmenna hrópa vígorð um hefnd, um dauða og eyðingu á þjóð og landi Ísraels.

Pessum ungmennum eru kennd kristin fræði. Þeim er kennt að elska í stað þess að hata. Þeim er kennt að kærleikurinn sé það afl sem geti sigrarð allt hið illa. Þeim er kennt að Jesúss sé sá sem gefi sannan frið. Ég hef haft tækifæri til að fara með ferðahópa til Ísraels m.a. frá Íslandi og nota ég þá oft tækifærið til að heimsækja skólann.








Nokkrir hér á landi hafa undrast yfir því félagið Zíon vinir Ísraels skuli styðja arabískan skóla á hinum svokallaða



Heimsókn í Skóla Vonarinnar

"Vesturbakka". Að vera vinur Ísraels, þýðir ekki að vera óvinur annarra. Sem kristnir einstaklingar eignum við að sýna kærleika til allra manna, jafnvel þeirra sem hata okkur. Guð fer ekki í manngreinarálit. Á aðfangadag jóla fór ég ásamt hóp kristinna til Betlehem þar sem við héldum útisamkomu á aðaltorginu þar. Þetta er briðja árið sem ég tek þátt í slíkri ferð. Ísraelskir varðliðar við vegamót á leiðinni til Betlehem veifluðu til okkar og óskuðu okkur gleðilegra jóla. Peir spurðu hvort nokkrir gyðingar væru með í okkar hóp, þar sem það er ekki öruggt fyrir þá að vera í Betlehem.

(Gyðingum er meinað að vera í Betlehem, samkvæmt boði PLO.) Gyðingum er einnig meinað að vera í Hebron, en þar eru ca 400 landnemar í Kiryat Arba (úthverfi Hebron) og þar eru þeir í daglegri lífshættu. Í Hebron búa á annað hundrað þúsund arabar Jeríkó er einnig undir stjórn PLO og þar fá engir gyðingar að búa. Þannig get ég nefnt fleiri staði. Útisamkoma okkar í Betlehem gekk mjög vel, enda var ekki mikil annað um að vera. Fjöldi ungra móslímskra og kristinna araba hlustuðu með athygli á sönginn, tónlistina og vitnisburðinn sem við gáfum um þann frelsara sem fæddist í Betlehem og hafði gefið okkur svo mikil. Fyrir mig voru þetta blessuð jól. Ég bið ykkur kæru kristnu vinir sem lesið þetta að minnast palestínu/araba í Betlehem í bænum ykkar. Margir hafa það mjög slæmt, eftir að heimastjórn PLO tók þar við stjórn.



Félagið Zíon, vinir Ísraels hafa í mörg ár stutt Skóla Vonarinnar í Beit Jala, sem er kristinn unglingskóli meðal fátækra Palestínumanna. Villt þú vera með og hjálpa þeim?  
Pósthólf 8930. R.128.

Drottinn grundvallaði borg sína á heilögum fjöllum, hann elskar hlið Síonar framar öllum bústöðum Jakobs. (Sálm.87,2).

Biðjið Jerusalem friðar sálmur 122:6




Útvarpsstöð fyrir þig og þína allan sólarhringinn

Sími: 567 1818



Sjónvarpsstöð með boðskap. Hvers vegna ekki að gerast stuðningsmaður? Hringdu í s: 5800 700



ÚTGEFANDI  
ÍSRAELSFRÉTTA

Félagið Zion,  
vinir Ísraels  
pósthólf 8930  
128 RVK

Ritstjóri:  
Ólafur Jóhannsson

Greinar sem skrifðar eru undir nafni eru á ábyrgð höfundar

# Biblíuslóðir

## -Ísrael og Jórdania

Skipulagning og fararstjórn: Ólafur Jóhannsson

Sérstaklega glæsileg ferð þar sem farið verður á staði eins og Geneseret vatnið, Kapernaum, Nasaret, Carmel, Amman, Petra, Eliat, Betlehem, Oliufjallid, Massada, Dauðahafið og Jerúsalem.

**Innifalið:** Flug, gisting m/morgunverðarhláðborði, allur akstur og kynnisferðir samkvæmt áætlun, kvöldmatur (nema í Jerúsalem), þjórfé, flugvallaskattar og íslensk fararstjórn.

Aukagjald fyrir einbýli: kr. 29.000

Aukagjald: Gisting á góðu Hóteli í Kaupmannahöfn á vægu verði.

**Skráning fer fram á skrifstofu Príma**  
**að Stangarhyl 1, Reykjavík. Sími 5620400**

**Ferð sem aldrei gleymist**

17 dagar  
Verð frá kr. 168.800  
Brottför 20.sept.



Stangarhyl 1  
101 Reykjavík  
Sími 562 0400  
Fax 562 6564  
www.primaferdir.is  
sala@primaferdir.is

